

Tálknafjarðarhreppur
Óskar Örn Gunnarsson
Strandgötu 39
460 Tálknafjörður

Reykjavík, 10. maí 2024
Tilvísun: 202404096 / 3.4

Efni: Deiliskipulag stofnana- og íþróttasvæðis, Tálknafjarðarhreppur

Tálknafjarðarhreppur hefur, með erindi dags. 24. apríl 2024, sent Skipulagsstofnun ofangreint deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 12. apríl 2024. Engar athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum en umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum. Deiliskipulagið var samþykkt með breytingum í sveitarstjórn, þann 23. apríl 2024.

Í deiliskipulaginu felst skilgreining lóða fyrir grunnskóla, félagsheimili, íþrótt- og skólustarfsemi auk tjaldsvæðis ásamt afmörkun byggingarreita, endurskilgreiningu aðkomu, afmörkun bílastæða og gönguleiða.

Deiliskipulagið er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:1.250, dags. 23. apríl 2024.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda vegna eftirfarandi formgalla:

- Bregðast þarf við umsögn Minjastofnunar, dags. 6. mars 2024. Samkvæmt gr. 4.3.1 í skipulagsreglugerð skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá deiliskipulagi, sbr. einnig 1. mgr. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Aðrar ábendingar

- Svo virðist sem deiliskipulagið sé unnið á grundvelli nýs aðalskipulags Tálknafjarðar sem ekki hefur öðlast gildi sbr. mynd af Aðalskipulagi Tálknafjarðar 2019-2039 á deiliskipulagsuppdrættinum. Stofnunin bendir á að aðlaga þarf texta varðandi landnotkunarreiti að umfjöllun um þá samkvæmt nýju aðalskipulagi. Jafnframt verði settir nánari skilmálar varðandi uppbyggingu innan svæðanna til nánari útfærslu á skipulagsákvæðum fyrir S2 og VP1 samkvæmt nýju aðalskipulagi.
- Tveir byggingarreitir eru merktir á uppdrætti innan tjaldsvæðis (T) og setja þarf skilmála fyrir þá báða í greinargerð.
- Þar sem endurskoðun aðalskipulags Tálknafjarðar er hafin/á lokametrum bendir stofnunin á að æskilegt er að gerð sé grein fyrir því hvernig deiliskipulagið samræmist bæði gildandi aðalskipulagi og endurskoðuðu aðalskipulagi.
- Sveitarstjórn Tálknafjarðarhepps verði nefnd á svæði fyrir undirritun.

Skipulagsstofnun minnir á að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Guðrún Lára Sveinsdóttir

